

**53. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
6. febrúar 2017 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Raket Óskarsdóttir varaformaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Guðmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 1611084 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Akralundur 8,10,12 og 14 breyting

Umsókn um að sameina lóðir nr. 8 og 10 og nr. 12 og 14, fjölga íbúðum í 12 á hvorri lóð.

Málið kynnt. Sviðsstjóra falið að yfirfara málið frekar með umsækjanda og skipulagshöfundu svæðisins.

2. 1701178 - Deilisk. Skógarhverfis 1. áfangi - Álmskógar 2-4

Umsókn um að breyta staðsetningu bílastæðis og heimild til að auka flatarmál lóðar úr 155m² í 170m².

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna breytinguna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Grenndarkynna skal fyrir fasteignaeigendum við Álmskóga 1,3,5,6,7,8 og 10 og við Asparskóga 2,4 og við Eikarskóga 1,3.

3. 1702036 - Seljuskógar 6-8 - fyrirspurn um kjallara

Málið kynnt. Skipulags- og umhverfisvið tekur jákvætt í erindið.

4. 1612158 - Deilisk. Skógarhverfi 1.áf. - Asparskógar 8 og 10

Sótt er um að fella út bílgeymslur undir húsunum og að fella niður kvaðir við lóðamörk.

Raket Óskarsdóttir og Björn Guðmundsson véku af fundi undir þessum dagskrárlíð.

Málið kynnt. Sviðsstjóra falið að yfirfara málið frekar með umsækjanda og skipulagshöfundu svæðisins.

5. 1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8, 8A og 8B

Svarbréf Minjastofnunar lagt fram til kynningar.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins í ljósi svarbréfs frá Minjastofnun.

6. **1701170 - Álfalundur og Akralundur - fyrirspurn til skipulags- og umhverfisráðs**
Fyrirspurn varðandi deiliskipulag íbúðabyggðar í 2. áfanga í Skógarhverfi.
Fyrirspurn felst í að lækka þar- og raðhús við Akralund og Álfalund í Skógarhverfi II úr tveimur hæðum niður í eina í takt við þarfir markaðarins. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að skoða fyrirspurnina útfrá skipulagslegum og fjárhagslegum sjónarmiðum.

7. **1202061 - Suðurgata 119, endurnýjun lóðarleigusamnings.**
Lagt fram.

8. **1612087 - Fyrirspurn til byggingarfulltrúa um að breyta bílskúr í íbúð að Suðurgötu 32**
Spurt er hvort leyfi fengist til að breyta bílgeymslu mhl. 02 í íbúð.
Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.

9. **1607058 - Akraneshöll - nýtt gervigras**
Sviðsstjóri lagði fram minnisblað vegna fyrirhugaðs útboðs á endurnýjun gervigras í Akraneshöll. Sviðsstjóra falið að bjóða verkið út.

10. **1702037 - Styrkir til viðhalds fasteigna - 2017**
Farið var yfir reynslu síðustu úthlutunar sem var árið 2015. Rætt um hugsanlegar breytingar á úthlutunarreglum og hvaða svæði ættu að falla undir styrkveitingar árið 2017.

11. **1612066 - Umhverfismál á Akranesi - fyrirspurn**
Skipulags- og umhverfisráð þakkar Herði Ó. Helgasyni fyrir innsent erindi. Sviðsstjóra falið að taka saman svör fyrir ráðið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.